

**FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB)
nr. 176/2012****2014/EES/36/76****frá 1. mars 2012****um breytingu á viðaukum B, C og D við tilskipun ráðsins 90/429/EBE að því er varðar
dýraheilbrigðiskröfur viðvíkjandi öldusótt og Aujeszzkys-veiki (*)**FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS
HEFUR,með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusam-
bandsins,með hliðsjón af tilskipun ráðsins 90/429/EBE frá 26. júní 1990
um skilyrði á sviði heilbrigðis dýra sem eiga við um viðskipti
innan Bandalagsins og innflutning á djúpfyrstu sæði húsdýra af
svínakyni ⁽¹⁾, einkum 17. gr.,*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) Í tilskipun ráðsins 90/429/EBE er mælt fyrir um skilyrði á sviði heilbrigðis dýra sem hafa áhrif á viðskipti innan Sambandsins og innflutning frá þriðju löndum á sæði taminna svína.
- 2) Í tilskipun 90/429/EBE er kveðið á um að sæði sem er ætlað til viðskipta eigi að hafa verið safnað úr tömdum svínum í heilbrigðisástandi sem uppfyllir ákvæði viðauka B við þá tilskipun. Í I. kafla viðauka B eru sett fram skilyrði fyrir flutningi dýra til samþykkttra sæðissöfnunarstöðva [áður sæðingarstöðvar]. Í II. kafla þess viðauka eru settar fram venjubundnar skylduprófanir á dýrum sem eru haldin á samþykktum sæðissöfnunarstöðvum.
- 3) Þar að auki er í tilskipun 90/429/EBE kveðið á um að sæði sem stunda á viðskipti með verði að hafa verið safnað, meðhöndlað, geymt og flutt í samræmi við viðauka C við þá tilskipun. Í þeim viðauka eru sett fram skilyrði sem sæði, sem er safnað á samþykktum stöðvum, þarf að uppfylla vegna viðskipta innan Sambandsins. Í 4. lið viðauka C við tilskipun 90/429/EBE er kveðið

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 61, 2.3.2012, bls. 1. Hentar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 191/2012 frá 26. október 2012 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbætur við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 6, 24.1.2013, bls. 1.

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 224, 18.8.1990, bls. 62.

á um að aðildarríki geti neitað að taka við sæði frá söfnunarstöðvum þar sem tekið er við göltum, sem eru bólusettir gegn Aujeszzkys-veiki, inn á yfirráðasvæði þeirra eða svæði innan yfirráðasvæðis þeirra ef það hefur verið viðurkennt sem laust við Aujeszzkys-veiki.

- 4) Að lokum er í viðauka D við tilskipun 90/429/EBE sett fram fyrirmynd að dýraheilbrigðisvottorði fyrir viðskipti með þá vöru.
- 5) Í ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2008/185/EB frá 21. febrúar 2008 um viðbótarábyrgðir í viðskiptum innan Bandalagsins með svín í tengslum við Aujeszzkys-veiki og um viðmiðanir fyrir upplýsingar sem skal veita um sjúkdóminn ⁽²⁾ er kveðið á um viðbótarábyrgðir, sem gilda fyrir viðskipti með svín innan Sambandsins, í tengslum við Aujeszzkys-veiki. Til að tryggja samræmi í löggjöf Sambandsins ætti að samræma dýraheilbrigðiskröfur, sem settar eru fram í viðauka B við tilskipun 90/429/EBE og gilda um gjafagelti og sæði þeirra, við ákvörðun 2008/185/EB.
- 6) Jafnframt ætti að skjóta inn ákvæði í 4. lið viðauka C við tilskipun 90/429/EBE til að gera aðildarríkjum skylt að tilkynna öðrum aðildarríkjum og framkvæmdastjórninni um það þegar þau notfæra sér réttinn til að hafna sæði úr svínum sem er framleitt í sæðissöfnunarstöðvum þar sem haldin eru tamin svín sem hafa verið bólusett gegn Aujeszzkys-veiki.
- 7) Framkvæmdastjórnin fór fram á það við Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin) að hún legði mat á hentugleika jöfnuðu öldusóttarvakaprófunarinnar (Rose Bengal-prófunarinnar), sem er sem stendur eina leyfilega prófunin til greiningar á öldusótt í viðauka B við tilskipun 90/429/EBE, og að hún legði fram vísindalegt álit um hentugleika annarra fyrirliggjandi greiningarprófana með það fyrir augum að fella þær inn í þann viðauka.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 59, 4.3.2008, bls. 19.

- 8) Hinn 5. júní 2009 samþykkti Matvælaöryggisstofnunin, að beiðni framkvæmdastjórnarinnar, vísindalegt álit vísindanefndarinnar um heilbrigði og velferð dýra um öldusótt í svinum (*Brucella suis*)⁽³⁾. Niðurstaða Matvælaöryggisstofnunarinnar var sú að taka megi til athugunar að nota samkeppnishæfa ELISA-prófun (cELISA) og óbeina ELISA-prófun (iELISA) til greiningar á mótöfnum gegn *Brucella suis*-sýkingu til að prófa hvort taka eigi gjafasvín inn á sæðissöfnunarstöðvar og til venjubundinna skylduprófana meðan á dvöl stendur eða við brottför frá slíkum stöðvum. Því ætti að tilgreina þessar prófanir í viðauka B við tilskipun 90/429/EBE ásamt núgildandi jöfnuðu öldusóttarvakaprófuninni (Rose Bengal-prófuninni).
- 9) Það að auki er nauðsynlegt að endurskoða verklagsreglurnar, sem kveðið er á um í I. kafla viðauka B við tilskipun 90/429/EBE, til að útiloka eða staðfesta grun um öldusótt þegar dýr eru tekin inn á sæðissöfnunarstöðvar og í II. kafla þess viðauka að kveða á um að endurreisn heilbrigðisástands á sæðissöfnunarstöð skuli fara fram á ábyrgð lögbærs yfirvalds aðildarríkis.
- 10) Einnig er nauðsynlegt að laga fyrirmyndina að dýraheilbrigðisvottorði vegna viðskipta innan Sambandsins með svínasæði, sem kveðið er á um í viðauka D við tilskipun 90/429/EBE, að breytingunum á viðaukum B og C. Einnig ætti að setja dýraheilbrigðisvottorðið fram í samræmi við staðlaða uppsetningu dýraheilbrigðisvottorða sem sett er fram í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 599/2004 frá 30. mars 2004 um að samþykkja samræmda fyrirmynd að vottorði og skoðunarskýrslu í tengslum við viðskipti innan Bandalagsins með dýr og afurðir úr dýraríkinu⁽⁴⁾.

- 11) Því ber að breyta viðaukum B, C og D við tilskipun 90/429/EBE til samræmis við það.
- 12) Til að komast hjá röskun á viðskiptum ætti að heimila notkun á dýraheilbrigðisvottorðum, sem gefin eru út í samræmi við viðauka D við tilskipun 90/429/EBE áður en breytingarnar, sem innleiddar eru með þessari reglugerð, ganga í gildi, á umbreytingartímabili með tilteknum skilyrðum.
- 13) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um matvælaferlið og heilbrigði dýra.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Í stað viðauka B, C og D við tilskipun 90/429/EB komi textinn í viðaukanum við þessa reglugerð.

2. gr.

Á umbreytingartímabili sem lýkur 31. júlí 2012 geta aðildarríkin heimilað viðskipti með sæði taminna svína sem hafa meðfylgjandi dýraheilbrigðisvottorð sem er gefið út eigi síðar en 31. maí 2012, í samræmi við þá útgáfu fyrirmyndarinnar, sem sett er fram í viðauka D við tilskipun 90/429/EBE, sem var í gildi fyrir breytingarnar sem voru innleiddar með þessari reglugerð.

3. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún gildir frá og með 1. júní 2012.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 1. mars 2012.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

forseti.

José Manuel BARROSO

⁽³⁾ Tiðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu (2009) 1144, bls. 1–112. (<http://www.efsa.europa.eu/en/efsajournal/doc/1144.pdf>).

⁽⁴⁾ Stjtið. ESB L 94, 31.3.2004, bls. 44.

VIÐAUKI

„VIÐAUKI B

1. KAFLI

Skilyrði fyrir flutningi taminna svína til sæðissöfnunarstöðvar

1. Öll tamin svín (hér á eftir nefnd „dýr“) sem tekin eru inn á sæðissöfnunarstöðina skulu, áður en þau koma inn á stöðina:
 - 1.1. hafa verið í sóttkví í a.m.k. 30 daga í húsakynnum sem lögbær yfirvöld samþykkja sérstaklega í þeim tilgangi og þar sem aðeins eru önnur dýr í a.m.k. sama heilbrigðisástandi (einangrunaraðstaða),
 - 1.2. voru, áður en þau voru sett í einangrunaraðstöðuna sem lýst er í lið 1.1:
 - 1.2.1. valin úr hjörðum eða af bújörðum:
 - a) sem eru lausar við öldusótt í samræmi við kaflann um öldusótt í svínum í heilbrigðisreglum Alþjóðadýraheilbrigðisstofnunarinnar um landdýr,
 - b) þar sem ekkert dýr bólusett gegn gin- og klaufaveiki hefur verið næstliðna 12 mánuði,
 - c) þar sem engin klínísk, sermifræðileg, veirufræðileg eða meinafræðileg einkenni Aujeszzkys-veiki hafa greinst næstliðna 12 mánuði,
 - d) sem eru ekki staðsettar á haftasvæði sem er skilgreint samkvæmt ákvæðum löggjafar Sambandsins vegna uppkomu smitsjúkdóms í tömdum svínum, þ.m.t. gin- og klaufaveiki, svínafárs, munnblöðrubólgu, svínapestar og afrikusvínapestar,
 - 1.2.2. ekki hafa áður verið haldin í hjörð í lakara heilbrigðisástandi en því sem lýst er í lið 1.2.1,
 - 1.3. hafa, á næstliðnum 30 dögum fyrir innkomu í einangrunaraðstöðuna sem um getur í lið 1.1, gengist, með neikvæðum niðurstöðum, undir eftirfarandi prófanir sem gerðar eru í samræmi við staðla sem mælt er fyrir um eða vísað til í viðeigandi löggjöf Sambandsins:
 - a) að því er varðar öldusótt: jafnaða öldusóttarvakaprófun (Rose Bengal-prófun), eða cELISA-prófun eða iELISA-prófun,
 - b) að því er varðar Aujeszzkys-veiki:
 - i. ELISA-prófun til að greina mótefni gegn allri Aujeszzkys-veikiveirunni eða B-glykóprótíni hennar (ADV-gB) eða D-glykóprótíni hennar (ADV-gD), eða hlutleysandi sermisprófun, ef um er að ræða dýr sem ekki hafa verið bólusett,
 - ii. ELISA-prófun til að greina mótefni gegn E-glykóprótíni (ADV-gE) Aujeszzkys-veikiveirunnar, ef um er að ræða dýr sem eru bólusett með gE-sneyddu bóluefni,
 - c) að því er varðar svínapest: mótefna-ELISA-prófun eða hlutleysandi sermisprófun.

Ef eitthvert dýranna reynist jákvætt í prófunum fyrir öldusótt sem um getur í a-lið má ekki taka dýr á sömu bújörð, sem fengu neikvæðar niðurstöður, inn í einangrunaraðstöðuna fyrr en búið er að staðfesta að upprunahjarðirnar eða -bújarðirnar þar sem jákvæða svörunin mældist séu lausar við öldusótt.

Lögbært yfirvald getur gefið leyfi fyrir því að prófanirnar sem um getur í þessum lið séu gerðar í einangrunaraðstöðunni að því tilskildu að niðurstöður liggja fyrir áður en einangrunartímabilið, sem um getur í lið 1.1, hefst.

Að því er varðar Aujeszzkys-veiki skulu sermiprófanirnar sem gerðar eru í samræmi við þessa tilskipun uppfylla staðlana sem settir eru fram í III. viðauka við ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2008/185/EB frá 21. febrúar 2008 um viðbótarábyrgðir í viðskiptum innan Bandalagsins með svín í tengslum við Aujeszzkys-veiki og um viðmiðanir fyrir upplýsingar sem skal veita um sjúkdóminn⁽⁵⁾,

(5) Stjtið. ESB L 59, 4.3.2008, bls. 19.

- 1.4. hafa gengist undir eftirfarandi prófanir sem voru gerðar á sýnum sem var safnað á síðustu 15 dögum fram að einangrunartímabilinu sem sett er fram í lið 1.1:
- a) að því er varðar öldusótt: jafnaða öldusóttarvakaprófun (Rose Bengal-prófun), eða cELISA-prófun eða iELISA-prófun,
 - b) að því er varðar Aujeszkys-veiki:
 - i. ELISA-prófun til að greina mótefni gegn allri Aujeszkys-veikiveirunni eða B-glýkóprótíni hennar (ADV-gB) eða D-glýkóprótíni hennar (ADV-gD), eða hlutleysandi sermisprófun, ef um er að ræða dýr sem ekki hafa verið bólusett,
 - ii. ELISA-prófun til að greina mótefni gegn E-glýkóprótíni (ADV-gE) Aujeszkys-veikiveirunnar, ef um er að ræða dýr sem eru bólusett með gE-sneyddu bóluefni.

Ef eitthvert dýranna reynist jákvætt í prófunum fyrir öldusótt sem um getur í a-lið og grun um öldusótt hefur ekki verið eytt í samræmi við lið 1.5.2 skal tafarlaust fjarlægja þau dýr úr einangrunaraðstöðunni.

Ef eitthvert dýranna reynist jákvætt í prófunum fyrir Aujeszkys-veiki sem um getur í b-lið skal tafarlaust fjarlægja þau dýr úr einangrunaraðstöðunni.

Í tilvikum þegar hópur dýra er settur í sóttkví skal lögbært yfirvald gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að þau dýr sem eftir verða, sem reyndust neikvæð í prófununum sem um getur í a- og b-lið, séu í viðunandi heilbrigðisástandi áður en þau eru flutt á sæðissöfnunarstöðina í samræmi við þennan viðauka.

- 1.5. Ráðstafanir sem gera skal ef grunur leikur á öldusótt:
- 1.5.1. koma skal á eftirfarandi verklagsreglum að því er varðar dýr sem greinast jákvæð fyrir öldusótt í prófuninni sem um getur í a-lið liðar 1.4:
- a) jákvæða sermið skal prófað með a.m.k. einni af staðgönguprófununum sem settar eru fram í a-lið liðar 1.4, sem hefur ekki verið gerð á sýnunum sem um getur í lið 1.4,
 - b) faraldsfræðileg rannsókn skal fara fram á upprunabújörð eða -jörðum dýranna sem sýna svörunina,
 - c) á þeim dýrum sem hafa greinst jákvæð í prófununum, sem um getur í a-lið liðar 1.4 og a-lið liðar 1.5.1, skal gera a.m.k. eina af eftirfarandi prófunum á sýnum sem er safnað a.m.k. 7 dögum eftir söfnun sýnanna sem um getur í lið 1.4:
 - i. jafnaða öldusóttarvakaprófun (Rose Bengal-prófun),
 - ii. sermikekkjunarprófun,
 - iii. magnabindingarprófun,
 - iv. cELISA-prófun,
 - v. iELISA-prófun,

1.5.2. gruni um öldusótt skal teljast hafa verið eytt ef:

- a) annaðhvort endurtekningarprófunin sem um getur í a-lið liðar 1.5.1. skilaði neikvæðum niðurstöðum, faraldsfræðilega rannsóknin á upprunabújörðinni eða -jörðunum leiddi ekki í ljós tilvist svínaöldusóttar og prófunin sem um getur í c-lið liðar 1.5.1 var gerð með neikvæðum niðurstöðum eða
- b) faraldsfræðilega rannsóknin á upprunabújörðinni eða -jörðunum leiddi ekki í ljós tilvist svínaöldusóttar og öll dýrin sem sýndu jákvæða niðurstöðu í prófuninni sem um getur í a- eða c-lið liðar 1.5.1 sýndu neikvæða niðurstöðu í öllum tilvikum í prófun eftir aflifun og í efnasanngreiningarprófun fyrir svínaöldusótt,

1.5.3. þegar búið er að útiloka tilvist öldusóttar má taka öll dýrin í einangrunaraðstöðunni sem um getur í annarri málsgrein liðar 1.4 inn á sæðissöfnunarstöðina.

2. Allar prófanir skulu fara fram á samþykkttri rannsóknarstofu.

3. Einungis skal taka við dýrum í sæðissöfnunarstöð með afdráttarlausu leyfi dýralæknis stöðvarinnar. Allir tilflutningar dýra inn á og út af sæðissöfnunarstöðinni skulu skráðir.
4. Dýr sem tekið er við í sæðissöfnunarstöð mega ekki sýna nein klínísk einkenni um sjúkdóm á komudegi.
5. Öll dýr skulu, með fyrirvara um 6. lið, hafa komið beint úr einangrunaraðstöðu sem uppfyllir eftirfarandi skilyrði á sendingardegi:
 - a) hún er ekki staðsett á haftasvæði sem er skilgreint samkvæmt ákvæðum löggjafar Sambandsins vegna uppkomu smitsjúkdóms í tömdum svínunum, þ.m.t. gin- og klaufaveiki, svínafárs, munnblöðrubólgu, svínapestar og afrikusvínapestar,
 - b) engar klínískar, sermifræðilegar, veirufræðilegar eða meinafræðilegar visbendingar um Aujeszzkys-veiki hafa verið skráðar þar undanfarna 30 daga fram að sendingu.
6. Flytja má dýr beint frá einni sæðissöfnunarstöð til annarrar, sem er með sambærilega heilbrigðisstöðu, án sóttkvíunar eða prófana, að því tilskildu að skilyrðin sem sett eru fram í 5. lið séu uppfyllt og að venjubundnar skylduprófanir sem um getur í II. kafla hafi farið fram á síðustu 12 mánuðunum fyrir tilflutninginn.

Slík dýr mega hvorki komast í beina né óbeina snertingu við klaufdýr í lakara heilbrigðisástandi og þrifa skal og sótthreinsa flutningatækið, sem notað er, fyrir notkun.
7. Að því er varðar 6. lið og ef um viðskipti milli aðildarríkja er að ræða verður dýrunum að fylgja dýraheilbrigðisvottorð fyrir svín til undaneldis, sem samræmist fyrirmynd 2 í viðauka F við tilskipun 64/432/EBE, ásamt einni af eftirfarandi viðbótarábyrgðum sem samsvarar ástandi þeirra, sem er vottað með því að bæta eftirfarandi texta við C-þátt þess vottorðs:

„7. Dýrin koma beint frá

⁽¹⁾annaðhvort [sæðissöfnunarstöð sem uppfyllir ákvæði tilskipunar 90/429/EBE.]

⁽¹⁾eða [einangrunaraðstöðu og uppfylla skilyrðin fyrir flutningi á sæðissöfnunarstöð sem kveðið er á um í I. kafla viðauka B við tilskipun 90/429/EBE.]

⁽¹⁾eða [bújörð þar sem þau hafa verið meðhöndluð samkvæmt verklagsreglum um meðhöndlun fyrir flutning í einangrunaraðstöðu og þau uppfylla skilyrði fyrir sóttkvíun sem kveðið er á um í liðum 1.2 og 1.3 og 2. lið I. kafla viðauka B við tilskipun 90/429/EBE.]“

II. KAFLI

Venjubundnar skylduprófanir fyrir dýr sem eru haldin á sæðissöfnunarstöð

1. Venjubundnar skylduprófanir skulu framkvæmdar á eftirfarandi hátt:
 - 1.1. öll dýr sem eru haldin á sæðissöfnunarstöð skulu gangast undir eftirfarandi prófanir, með neikvæðum niðurstöðum:
 - a) að því er varðar öldusótt: jafnaða öldusóttarvakaprófun (Rose Bengal-prófun), eða cELISA-prófun eða iELISA-prófun,
 - b) að því er varðar Aujeszzkys-veiki:
 - i. ELISA-prófun til að greina mótefni gegn allri Aujeszzkys-veikiveirunni eða B-glýkóprótíni hennar (ADV-gB) eða D-glýkóprótíni hennar (ADV-gD), eða hlutleysandi sermisprófun, ef um er að ræða dýr sem ekki hafa verið bólusett,
 - ii. ELISA-prófun til að greina mótefni gegn E-glýkóprótíni (ADV-gE) Aujeszzkys-veikiveirunnar, ef um er að ræða dýr sem eru bólusett með gE-sneyddu bóluefni,
 - c) að því er varðar svínapest: mótefna-ELISA-prófun eða hlutleysandi sermisprófun.
 - 1.2. gera skal prófanirnar sem settar eru fram í lið 1.1 á sýnum sem eru tekin:
 - a) úr öllum dýrum rétt áður en þau eru flutt frá sæðissöfnunarstöðinni eða við komu í sláturhús og eigi síðar en 12 mánuðum eftir að tekið er við þeim á sæðissöfnunarstöðinni eða

- b) úr a.m.k. 25% dýranna á sæðissöfnunarstöðinni á 3 mánaða fresti og dýralæknir stöðvarinnar skal tryggja að dýrin, sem sýnin eru tekin úr, séu dæmigerð fyrir öll dýrin á stöðinni, einkum að því er varðar aldursflokka og húsakost,
- 1.3. Þegar prófanir eru gerðar í samræmi við b-lið liðar 1.2 skal dýralæknir stöðvarinnar tryggja að öll dýrin séu prófuð í samræmi við lið 1.1 a.m.k. einu sinni á meðan á dvöl þeirra í sæðissöfnunarstöðinni stendur og a.m.k. á 12 mánaða fresti frá komudegi ef dvöl þeirra er lengri en 12 mánuðir.
2. Allar prófanir skulu fara fram á samþykkttri rannsóknarstofu.
3. Ef niðurstöður úr einhverri af prófununum sem settar eru fram í lið 1.1 reynast jákvæðar skal einangra dýrin og bannað er að stunda viðskipti innan Sambandsins með sæði sem safnað hefur verið úr þeim frá síðustu neikvæðu prófun.

Sæði, sem safnað er úr hverju dýri í sæðissöfnunarstöðinni frá dagsetningu síðustu neikvæðu prófunarniðurstöðu dýrsins, skal geymt í aðskilinni geymslu og ekki má eiga viðskipti með það innan Sambandsins fyrr en heilbrigðisstaða stöðvarinnar hefur verið endurreist á ábyrgð lögbærs yfirvalds aðildarríkisins.

VIÐAUKI C

Skilyrði sem varða sæði sem er safnað á sæðissöfnunarstöð og ætlað er til viðskipta innan Sambandsins

1. Sæði skal fengið úr dýrum sem:
- a) sýna engin klínísk sjúkdómseinkenni þann dag sem sæðinu er safnað,
 - b) hafa ekki verið bólusett gegn gin- og klaufaveiki,
 - c) uppfylla kröfurnar í I. kafla viðauka B,
 - d) fá ekki að stunda náttúrulega þörun,
 - e) eru haldin á sæðissöfnunarstöð sem má ekki vera staðsett á haftasvæði sem er skilgreint samkvæmt ákvæðum löggjafar Sambandsins vegna uppkomu smitsjúkdóms í tömdum svinum, þ.m.t. gin- og klaufaveiki, svínafárs, munnblöðrubólgu, svínapestar og afríkusvínapestar,
 - f) eru haldin í sæðissöfnunarstöðvum þar sem engar klínískar, sermifræðilegar, veirufræðilegar eða meinafræðilegar vísbendingar um Aujeszzkys-veiki hafa greinst næstliðna 30 daga fram að söfnun.
2. Bæta skal skilvirkri samsetningu sýklalyfja, einkum gegn mjógyrmasýklum (e. *leptospirae*), í sæðið eftir endanlega þynningu eða í þynningarefnið.
- Ef um er að ræða frosið sæði skal bæta sýklalyfjunum í það fyrir frystingu.
- 2.1. Samsetning sýklalyfja sem um getur í 2. lið skal framkalla áhrif sem eru a.m.k. samsvarandi eftirfarandi styrk í endanlegu, þynntu sæði:
- a) ekki minna en 500 µg af streptómýsini í hverjum ml í endanlegri þynningu,
 - b) ekki minna en 500 a.e. af penisillíni í hverjum ml í endanlegri þynningu,
 - c) ekki minna en 150 µg af linkómýsini í hverjum ml í endanlegri þynningu,
 - d) ekki minna en 300 µg af spektínómýsini í hverjum ml í endanlegri þynningu.
- 2.2. Strax að lokinni íblöndun sýklalyfjanna skal geyma þynnta sæðið við a.m.k. 15 °C í a.m.k. 45 mínútur.

3. Sæði sem stunda á viðskipti með innan Sambandsins skal:
- a) geymt fyrir sendingu eins og mælt er fyrir um í d-lið 2. liðar I. kafla og a-, b-, e- og f-lið 6. liðar II. kafla viðauka A,
 - b) flutt til viðtökuáðildarríkisins í flöskum sem hafa verið þrífnað og sótthreinsaðar eða dauðhreinsaðar fyrir notkun og sem hafa verið innsiglaðar áður en þær voru fluttar frá sæðissöfnunarstöðinni.
4. Áðildarríki geta neitað að taka við sæði frá sæðissöfnunarstöðvum þar sem tekið er við göltum, sem eru bólusettir gegn Aujeszky-veiki, inn á yfirráðasvæði þeirra eða svæði innan yfirráðasvæðis þeirra ef það hefur verið viðurkennt sem laust við Aujeszky-veiki í samræmi við 10. gr. tilskipunar 64/432/EEB.
- Áðildarríki sem ætla að nýta sér ákvæði fyrstu málsgreinar skulu tilkynna framkvæmdastjórninni og hinum áðildarríkjunum um það áður en þeim er beitt.
-

VIÐAUKI D

Fyrirmynd að dýraheilbrigðisvottorði fyrir viðskipti innan Sambandsins með sæði úr tömdum svínum

EVROPUSAMBANDIÐ:

Vottorð vegna viðskipta innan Sambandsins;

I. hluti: Upplýsingar um sendingu	I.1. Sendandi Nafn Heimilisfang Póstnúmer		I.2. Tilvísunarnúmer vottorðs		I.2.a. Tilvísunarnúmer staðar			
			I.3. Lögbært stjórnvald					
			I.4. Lögbært staðaryfirvald					
	I.5. Viðtakandi Nafn Heimilisfang Póstnúmer		I.6.					
			I.7.					
	I.8. Uppruna-land	ISO-kóði	I.9. Upprunasvæði	Kóði	I.10. Viðtökuland	ISO-kóði	I.11. Viðtökusvæði	Kóði
	I.12. Upprunastaður Sæðissstöð <input type="checkbox"/> Nafn Heimilisfang Póstnúmer		Samþykkisnúmer		I.13. Viðtökustaður Sæðissstöð <input type="checkbox"/> Bújörð <input type="checkbox"/> Nafn Heimilisfang Póstnúmer		Samþykkisnúmer	
	I.14.		I.15.					
	I.16. Flutningataeki Flugvél <input type="checkbox"/> Ökutæki <input type="checkbox"/> Auðkenning		Skip <input type="checkbox"/> Annað <input type="checkbox"/>	Járnbrautarvagn <input type="checkbox"/>		I.17.		
	I.18. Lýsing á vöru				I.19. Vörunúmer (ST-númer) 05 11 99 85		I.20. Magn	
I.21. Hitastig afurða Umhverfishiti <input type="checkbox"/>				Kældar <input type="checkbox"/>	Frystar <input type="checkbox"/>		I.22. Fjöldi pakkninga	
I.23. Nr. innsigli/gáms				I.24. Tegund umbúða				
I.25. Vörur sem eru vottaðar: Til tæknifrjógunar <input type="checkbox"/>								
I.26. Umflutningur gegnum þriðja land <input type="checkbox"/> Þriðja land Brottfararstaður Komustaður		Nr. skoðunarstöðvar á landamærum		I.27. Umflutningur um aðildarríki <input type="checkbox"/> Aðildarríki Aðildarríki Aðildarríki		ISO-kóði ISO-kóði ISO-kóði ISO-kóði		
I.28. Útflutningur <input type="checkbox"/> Þriðja land Brottfararstaður		ISO-kóði Kóði		I.29.				
I.30.								
I.31. Auðkenning varanna Tegund (vísindaheiti) Ræktunarkyn Auðkenni gjafa Dagsetning söfnunar Samþykkisnúmer stöðvarinnar Magn								

EVROPUSAMBANDIÐ:

Svínasæði

II. hluti: Vottorð	II. Heilsufarsupplýsingar	II.a. Tilvísunarnúmer vottorðs	II.b. Tilvísunarnúmer staðar
	<p>Ég, undirritaður, opinber dýralæknir, votta hér með að sæðinu, sem er lýst hér að framan, var:</p> <p>II.1. safnað, meðhöndlað og geymt á sæðissöfnunarstöð ⁽²⁾ sem er samþykkt af lögbæru yfirvaldi og undir eftirliti þess í samræmi við I. og II. kafla viðauka A við tilskipun 90/429/EBE,</p> <p>⁽¹⁾ <i>annaðhvort</i> [II.2. safnað í sæðissöfnunarstöð þar sem eingöngu eru dýr sem hafa ekki verið bólusett gegn Aujeszzkys-veiki og sem uppfylla kröfurnar í viðauka B við tilskipun 90/429/EBE,]</p> <p>⁽¹⁾ ⁽²⁾ <i>og/eða</i> [II.2. safnað í sæðissöfnunarstöð þar sem sum eða öll dýrin hafa verið bólusett gegn Aujeszzkys-veiki með gE-sneyddu bóluefni og uppfylla kröfurnar í viðauka B við tilskipun 90/429/EBE,]</p> <p>II.3. safnað, meðhöndlað, geymt og sent við skilyrði sem eru í samræmi við staðlana sem mælt er fyrir um í viðauka C við tilskipun 90/429/EBE.</p> <p>Athugasemdir</p> <p>I. hluti:</p> <p>Reitur I.12: Upprunastaður skal vera sæðissöfnunarstöðin [eins og skilgreint er í 2. gr. tilskipunar 90/429/EBE] þaðan sem sæðið var sent.</p> <p>Reitur I.13: Viðtökustaður skal vera sæðissöfnunarstöðin [eins og skilgreint er í 2. gr. tilskipunar 90/429/EBE] eða bújörðin sem er ákvörðunarstaður sæðisins.</p> <p>Reitur I.23: Tilgreina skal auðkenningu umbúðanna og innsigli snúmer þeirra.</p> <p>Reitur I.31: Auðkenning gjafa skal fela í sér opinbert auðkennismerki dýrsins í samræmi við tilskipun ráðsins 2008/71/EB frá 15. júlí 2008 um auðkenningu og skráningu svína (Stjtið. ESB L 213, 8.8.2008, bls. 31). Söfnunardagur skal tilgreindur á eftirfarandi formi: dd/mm/áááá. Samþykkisnúmer stöðvarinnar skal vera hið sama og samþykkisnúmer sæðisstöðvarinnar þar sem sæðinu var safnað.</p> <p>II. hluti:</p> <p>⁽¹⁾ Stríkið yfir það sem á ekki við.</p> <p>⁽²⁾ Einungis samþykktar sæðissöfnunarstöðvar sem skráðar eru í samræmi við 2. mgr. 5. gr. tilskipunar ráðsins 90/429/EBE á vefsetri framkvæmdastjórnarinnar: http://ec.europa.eu/food/animal/approved_establishments/establishments_vet_field_en.htm</p> <p>⁽³⁾ Stríka skal yfir þennan valkost ef viðtökuaðildarríki eða svæði innan þess, sem er laust við Aujeszzkys-veiki í samræmi við 10. gr. tilskipunar 64/432/EBE, hefur sent framkvæmdastjórninni tilkynningu í samræmi við 4. lið viðauka C við tilskipun 90/429/EBE og er skráð á eftirfarandi vefsetri: http://ec.europa.eu/food/animal/semn_ova/porcine/index_en.htm</p> <p>Stimpill og undirskrift skulu ekki vera í sama lit og aðrar upplýsingar í vottorðinu.</p>		
<p>Opinber dýralæknir</p> <p>Nafn (með hástöfum):</p> <p>Staðbundin dýralæknaeining:</p> <p>Dagsetning:</p> <p>Stimpill:“</p>		<p>Menntun, hæfi og titill:</p> <p>Númer staðbundinnar dýralæknaeiningar:</p> <p>Undirskrift:</p>	